

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/102*  
*komudagur 10.10.2012*

Ljótastöðum 10. okt. 12

**Til: Atvinnuveganefndar Alþingis.**

**Efni: Ummsögn vegna Rammaáætlunar.**

Ég undirrituð eigandi og ábúandi jarðarinnar Ljótastaða í Skaftártungu hef þegar sent tvisvar inn umsagnir vegna vinnu við Rammaáætlun og óska eftir að fullt tillit verði tekið til þeirra á nýju þingi við aðra umræðu þessa máls. Auk þess sem fram kemur í fyrri skrifum mínum langar mig að hnykkja á einu atriði. Ég sat fund með Atvinnuveganefnd Alþingis, Sveitarstjórn Skaftárhrepps og fulltrúum Suðurorku á Kirkjubæjarklaustri 20.sept. sl. Þar varð ég vitni að því að fulltrúar Suðurorku reyna að rýra í orði það land sem Ljótastaðirnir munu tapa ef af fyrirhugaðri Búlandsvirkjun verður. Fulltrúar Suðurorku segja að Ljótastaðirnir eigi 5% þess lands sem fer undir lónið. Þeir hafa sýnilega aldrei staðið í brekku. Sé horft beint ofan á landakort gætu þetta verið 5% af grunnfleti lónsins en allur vesturkantur lónsins og hluti af suðurkantinum eru grasi grónar brekkur upp frá sléttlendinu meðfram Tungufljóti. Inn í Ljótastaðaheiðarbrúnina sem halda á að vatninu að vestanverðu ganga mörg gil og þrír stórir hvekkir sem heita Innstu- Mið- og Fremstugæsatungur, það er allt grasi gróið land upp í kletta. Rásgljúfurskjafsturinn þar sem stíflan á að koma nemur svo við landhækkun frá Tungufljóti til vesturs, vestur í brún, þar sem heita Fosstungur. Ég þarf varla að taka það fram að þær gilskornu brekkur eru líka algrónar. Ég leyfi mér að fullyrða, og byggji það á þessum rökum að þetta 5% tal hjá Suðurorkumönnum er í besta falli vafasamur þvættingur ólandlæsra manna. Ég ítreka mikilvægi þessa lands fyrir búskap á Ljótastöðunum og minni á nálægð heimilis míns við lónið.

Virðingarfyllt

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir bóndi Ljótastöðum